

















































































framkvæmd<sup>9</sup> en engin slík ákvæði er að finna í lögum um menningarminjar. Í þessari skýrslu hefur m.a. verið bent á staði sem eru í stórauðinni hættu síðan vettvangsvinnan fór fram vegna þess að byggt hefur verið fast við þá eða jafnvel ofan á þeim, plantað í tóftir og vegir lagðir fast við minjar og því ljóst að loftmyndir kæmu að miklu gagni við suma þætti vöktunar. Farið var á vettvang til að kanna ástand nokkurra minja í þessum hópi og sumar þeirra voru mældar upp.

Óskandi væri að vandlega verði hugað að minjum og menningarlandslagi áður en ný sumarhúsasvæði verða skipulögð í framtíðinni, reynt verði að laga þau að landslagi og sögu sem fyrir er. Þá er það von höfundar að bætt gagnasafn stuðli að betra eftirliti með minjum á svæðinu og að hugað verði að fræðslu um minjar, sérstaklega þær sem eru komnar inn í þetta sumarhúsabyggð (sjá umræðu bls. 29). Það frumkvæði sem sveitarfélagið hefur sýnt með því að styðja við þetta verkefni er til fyrirmyndar og niðurstöðurnar ættu að vekja fólk til umhugsunar um að fornleifaskráning þarf að vera í sífelldri endurskoðun - lifandi fyrirbæri líkt og landslagið.

Enn er margt óunnið í sveitarfélaginu; gamlar götur og leiðir hafa t.a.m. ekki verið kortlagðar svo neinu nemi og ekki hefur verið bætt við minjum sem hafa náð 100 ára aldri síðan skráningin fór fram og eru þar með komnar í hóp fornleifa lögum samkvæmt. Samhliða áframhaldandi rannsóknnum í sveitarfélaginu mætti vinna markvisst að kynningu minja á næstu árum með kortagerð og útgáfu en ljóst er að talsverðir möguleikar liggja ónýttir á því sviði og mætti þar byggja á niðurstöðum þessarar skýrslu.

---

<sup>9</sup> Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, XIII. kafli.



































































